

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Að því, er snertir hina kærðu Pál Pálsson og Gísla Pjetursson, á undirrjettardómurinn ómerkur að vera. Hinum kærða verzlunarstjóra Fr. Sörensen ber að greiða 10 króna sekt til sveitarsjóðs Vestmannaeyja og borga allan löglegan kostnað af máli þessu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svara-manns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-gregri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 14/1876:

Rjettvísni

gegn

Guðmundi Guðmundssyni.

D ó m u r.

Með eigin játningu hins ákærða Guðmundar Guðmundssonar og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar undir rekstri málsins, er það löglega sannað, að hann í fyrra, þegar hann var vinnumaður hjá Jensen bakara hjer í bænum, hafi opt sinnis stolið hveitibrauði úr sölubúð hans, og sömuleiðis 4 sinnum peningum úr op-inni peningaskúffu í búðinni, en aldrei nema nokkrum aorum, mest 50, í senn. Enn fremur stal hann 18. nóvembermán., þegar Jensen, sem sefur í öðru húsi, var háttaður, peningum úr kómmóðuskúffu, sem lykillinn stóð í, í íveruherbergi Jensens, en það er innar af búðinni. Hinn ákærði segist ekki hafa talið peningana,

en hann hafi að eins brúkað af þeim 1 krónu, en látið hitt í skinnbuddu, sem hann faldi í garði uppi í Grjótaþorpinu, og fannst hún þar með 27 kr. 4 a. í. Loks gjörði hinn ákærði daginn eptir tilraun til að stela úr sömu skúffunni, en þegar hann dró hana út, datt hún niður á gólf hjá honnm, svo hann hætti við í það skipti. Jensen bakari þykist að vísu hafa misst meira af peningum, en hjer er til greint, en hinn ákærði hefur ekki viljað kannast við að hafa stolið meiru. Allan þennan þjófnað framdi hinn ákærði á þann hátt, að hann, þegar enginn var í húsinu, fór úr bakarfinu inn um lokaðar dyr, sem eru milli þess og gangsins fram af sölubúðinni, og aptur aðrar lokaðar dyr, sem eru milli gangsins og sölubúðarinnar, með lykli, sem brotnað hafði hjá bakaranum og verið fleygt, en ákærði hirt og látið gjöra við; aptur voru dyrnar milli sölubúðarinnar og íveruherbergisins ávallt opnar. Peningum þeim, sem fundust, hefur eigandanum verið skilað, en fyrir hitt, sem á vantar, hefur hann ekki krafizt endurgjalds.

Þetta brot hins ákærða hefur undirdómarinn rjettilega heimfært undir 231. gr. 4. tölulið og 47. gr. hegningarlaganna, og virðist hann einnig hafa metið hegninguna eptir öllum málavöxtum hæfilega til 16 mánaða betrunarhússvinnu. Undirrjettarins dóm ber því að staðfesta, sjerstaklega að því, er snertir málskostnað í hjeraði, eins og hinum ákærða einnig ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á óraskaður að standa. Hinn

ákærði Guðmundur Guðmundsson greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, organista P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. maímán.

Nr. 30/1875: Gísli Jónsson á Syðstavatni  
gegn

Jóni Jónassyni í Saurbæ.

D ó m u r.

Þar eð mál þetta, sem er höfðað út af skriflegum meiðyrðum, og sem því engin heimild er til að höfða sem lögreglumál, ekki hefur verið lagt til sátta samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 20. janúar 1797 13. grein, ber samkvæmt 1. grein sömu tilskipunar, smbr. tilskipun 15. ágúst 1832 3. og 6. grein, ex officio að dæma hinn áfrýjaða undirrettardóm, upp kveðinn fyrir pólitírjetti Skagafjarðarsýslu að Reynistað 19. júnímán. f. á., og alla meðferð málsins í hjerði ómerkt, og vísa málinu frá pólitírjettinum. Málskostnaður virðist optir þessum úrslitum málsins eiga að falla niður fyrir báðum rjettum.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjaði pólitírjettardómur og öll meðferð málsins í hjerði á ómerkt að vera, og vísast málinu frá pólitírjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður,